



Fundargerð aðalfundar Landsbankans hf. 2022

Aðalfundur Landsbankans hf. var haldinn miðvikudaginn 23. mars 2022 kl. 16:00 með rafrænum hætti. Fundarstaður var í Austurstræti 11, Reykjavík.

Fundurinn var haldinn með Lumi AGM fundarlausninni og fór atkvæðagreiðsla alfarið fram í gegnum þá lausn.

Dagskrá fundarins var eftirfarandi:

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár.
2. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar.
3. Skýrsla bankastjóra.
4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári.
5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar.
6. Tillögur til breytinga á samþykktum.
7. Kosning bankaráðs.
8. Kosning endurskoðanda.
9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabil.
10. Heimild til kaupa á eigin hlutum.
11. Önnur mál.

Fundurinn hófst með því að Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, bauð fundarmenn velkomna og setti fundinn. Hún lagði til að Jóhannes Karl Sveinsson, lögmaður, yrði kjörinn fundarstjóri og Kristinn Briem yrði kjörinn fundarritari og komu ekki fram athugasemdir.

Jóhannes tók því næst við stjórn fundarins. Hann gerði í upphafi grein fyrir Lumi AGM fundarlausninni og fyrirkomulagi kosninga og vakti jafnframt athygli á leiðbeiningum í fundargögnum um rafræna atkvæðagreiðslu. Kom fram að samhliða kosningu um hverja tillögu birtist stillimynd og þá yrði gert stutt hlé á fundinum til að gera hluthöfum kleift að greiða atkvæði. Gefnar yrðu 30 sekúndur til að greiða atkvæði um hverja tillögu. Einnig upplýsti fundarstjóri að hluthafar ættu þess kost að bera fram spurningar og útskýrði jafnframt hvernig hægt væri að koma þeim á framfæri í gegnum Lumi fundarlausnina.

Samkvæmt 10. gr. samþykta Landsbankans ber að halda aðalfund fyrir lok aprílmánaðar ár hvert og að boða verði til fundar með skemmst tveggja vikna fyrirvara og að hámarki fjögurra vikna fyrirvara. Boðað var til þessa aðalfundar með auglýsingu sem birtist í *Fréttablaðinu* 1. mars sl. og var boðunin því í samræmi við samþykktir bankans. Dagskrá og endanlegar tillögur voru lagðar fram tveimur vikum fyrir fundinn sem er einnig í samræmi við samþykktirnar.

Fundarstjóri lýsti því yfir að til fundarins hefði verið boðað með löglegum hætti og eftir að hafa innt eftir athugasemdum við áður nefnda framkvæmd fundarins lýsti hann fundinn lögmætan að öðru leyti.

Fundarstjóri lagði til að umræða um fyrstu þrjá dagskrárlíðina færi fram í einu lagi undir 3. dagskrárlíð um staðfestingu ársreiknings og komu ekki fram athugasemdir við það.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Mætt var á aðalfundinn fyrir eigendur hlutfjár að nafnvirði sem svarar 98,2% heildarhlutfjár.

Því næst var gengið til boðaðrar dagskrár.

1. Skýrsla bankaráðs um starfsemi bankans sl. starfsár

Fyrsti liður á dagskrá fundarins var skýrsla bankaráðs og flutti Helga Björk Eiríksdóttir, formaður bankaráðs, skýrsluna.

Í skýrslu sinni fjallaði Helga Björk meðal annars um ástandið í efnahagslífi heimsins og benti á að það hefði einkennst af óvissu vegna Covid-19-faraldursins. Nú í vetur, þegar loks leit út fyrir að áhrif faraldursins væru að fjara út, hefði innrás Rússa í Úkraínu sett nýtt og mögulega enn stærra strik í reikninginn. Þær efnahagslegu áskoranir sem Íslendingar stæðu frammi fyrir væru þó auðvitað léttvægar, miðað við þá stöðu sem úkraínska þjóðin er í.

Formaður bankaráðs tók fram að árangur bankans byggir að stórum hluta á því að markvisst hefur verið unnið eftir stefnu sem samþykkt var árið 2020. Með öflugri markaðssókn og vaxandi umsvifum hafa tekjur bankans aukist en um leið hefur rekstrarkostnaður haldist stöðugur.

Formaður bankaráðs skýrði fyrirbyggjandi tillögu bankaráðs til aðalfundar um að greiða samtals 20,5 milljarða króna í arð vegna ársins 2021. Annars vegar er um að ræða tillögu um að greiða 50% af hagnaði ársins 2021 í arð, samtals að fjárhæð 14,4 milljarðar króna. Hins vegar leggur bankaráð til að greiddur verði sérstakur arður að fjárhæð 6,1 milljarður króna. Verði þessar tillögur samþykktar munu arðgreiðslur Landsbankans á árunum 2013-2022 samtals nema um 166,7 milljörðum króna en arðgreiðslurnar hafa að langmestu leyti runnið í ríkissjóð.

Formaður vék að því að miklar breytingar eru einnig að verða á fjármálamarkaði með aukinni áherslu á sjálfbær fjármál. Landsbankinn hefur um árabíl verið í forystu þegar kemur að samfélagslegri ábyrgð og sjálfbærni og ætlar bankinn sér að vera áfram leiðandi á þessu sviði.

Formaður bankaráðs nefndi í ræðu sinni að flutningur bankans í Austurbakka muni skapa ný tækifæri til að beisla enn betur þann mikla kraft og þekkingu sem býr í starfsfólkinu. Við flutninga í nýtt hús mun bankinn hætta notkun á tólf húsum við Austurstræti, Hafnarstræti og Tryggvagötu sem hann hefur nú til afnota. Formaður tilgreindi enn fremur að bankaráð hefði samþykkt að ganga til viðræðna við ríkið um sölu á norðurhúsi Austurbakka og vonast væri til að niðurstaða lægi fyrir fljótlega.

Í lok ræðu sinnar þakkaði formaður bankaráðs Lilju Björk Einarsdóttur, bankastjóra, öðrum stjórnendum og starfsfólki bankans fyrir gott samstarf og afar góða frammistöðu við krefjandi aðstæður og gott og árangursríkt samstarf á árinu 2021.

2. Skýrsla bankastjóra

Lilja Björk Einarsdóttir, bankastjóri, gerði grein fyrir ársreikningi Landsbankans fyrir árið 2021.

Lilja kynnti helstu niðurstöður ársreikningsins og ýmsa þætti í starfsemi bankans, m.a. stefnu bankans, markaðsstöðu, sjálfsafgreiðslu viðskiptavina, vöruþróun, þróun útlána og sjálfbærnimál.

Sérstök áhersla var lögð á sjálfbærnimál á síðasta ári og gaf bankinn í fyrsta sinn út sjálfbæra fjármálaumgjörð, en undir umgjörðinni voru tvisvar gefin út skuldabréf á árinu. Jafnframt voru fyrirtækjalán tengd við umgjörðina. Einnig var bankinn framarlega meðal banka við að reikna út kolefnislosun útlána og var sú vinna nýtt við að tengja fyrirtæki við sjálfbærni með veitingu á sjálfbærnimerkjum til fyrirtækja sem uppfylla skilyrði bankans. Bankinn fékk góða einkunn frá Sustainalytics, sem metur sjálfbærniþætti, og starfsemi bankans er kolefnisjöfnuð. Markmið bankans er að minnka loftslagsáhrif.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Stefna bankans ber yfirskriftina Landsbanki nýrra tíma og þar er lögð mikil áhersla á að einfalda viðskiptavinum lífið.

Hagnaður á árinu 2021 nam tæpum 29 milljörðum kr. Allir þættir í starfsemi bankans skiluðu góðum árangri og grunnrekstur er mjög sterkur. Markmið bankans um 10% arðsemi náðist.

Þá kom fram að unnið er að því að gera eiginfjárskipan hagkvæmari en huga þarf að því að bankinn sé í sterkri stöðu til að mæta hugsanlegum áföllum eins og hafa verið síðustu tvö ár.

Rekstrartekjur á árinu 2021 voru 62 milljarðar króna samanborið við 38 milljarða króna árið áður og skýrist þessi aukning að verulegu leyti af virðisbreytingum útlána. Mikið var lagt í virðisrýrnunarsjóð til að mæta mögulegum áföllum vegna Covid-19 en þeim færslum var að miklu leyti snúið við í lok síðasta árs þegar ljóst varð að áhrifin af faraldrinum yrðu mun minni en óttast var. Bankastjóri tók hins vegar fram að það var einnig jákvætt að hreinar vaxtatekjur, hreinar þjónustutekjur og aðrar rekstrartekjur jukust á árinu. Þá hefur rekstrarkostnaður verið stöðugur. Vaxtatekjur eru yfir 60% af tekjum bankans og hafa verið á því róli undanfarið.

Bankastjóri skýrði efnahagsreikning bankans sem stækkaði um 11% á árinu á sama tíma og útlán jukust um 9%. Nema útlán um 80% af efnahagsreikningi bankans.

Útlán til einstaklinga fóru í fyrsta skipti yfir 50% heildarútlána á árinu. Bankinn er sterkur á íbúðalánamarkaði með góða markaðshlutdeild, samkeppnishæfa vöru, góða ferla og sterk tengsl við viðskiptavinum. Vanskil hafa aldrei verið lægri hjá bankanum.

Bankastjóri fór einnig yfir hvernig þjónusta er veitt í gegnum stafrænar lausnir, þar sem viðskiptavinir geta annast sín viðskipti í sjálfsafgreiðslu með stuðningi útibúa um allt land.

Á árinu var kynnt ný stafræn lausn sem gerir kleift að bjóða fyrirtæki velkomin í viðskipti í sjálfsafgreiðslu og aldrei fyrr hafa fleiri fyrirtæki gerst viðskiptavinir bankans. Bankinn er enn fremur með sterka stöðu í sjávarútvegi og í verkefnum sem tengjast fjármögnun á fasteignum.

Fjármögnun bankans gekk vel á síðasta ári og bjartsýni er um lánsfjármögnun á þessu ári.

Að lokinni kynningu bankastjóra var hluthöfum gefinn kostur á að taka til máls eða bera fram fyrirspurnir um skýrslu bankaráðs, skýrslu bankastjóra og ársreikning bankans fyrir árið 2021. Enginn kvaddi sér hljóðs og engar fyrirspurnir voru lagðar fram.

3. Ársreikningur fyrir liðið starfsár ásamt skýrslu endurskoðanda lagður fram til staðfestingar

Ársreikningur fyrir árið 2021 ásamt skýrslu endurskoðanda var borinn undir fundinn og staðfestur með öllum greiddum atkvæðum.

4. Ákvörðun um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári

Fyrir fundinn var lögð fram eftirfarandi tillaga um greiðslu arðs og meðferð hagnaðar á næstliðnu reikningsári 2021:

Bankaráð leggur til við aðalfund að greiddur verði arður til hluthafa vegna reikningsársins 2021 sem nemur 0,61 krónu á hlut og að greiðslan verði tvískipt. Gjaldldagi fyrri greiðslunnar, 0,31 króna á hlut, skal vera 30. mars 2022. Gjaldldagi síðari greiðslunnar, 0,30 krónur á hlut, skal vera 21. september 2022. Heildarfjárhæð arðgreiðslna vegna reikningsársins 2021, miðað við útistandandi hluti, nemur samtals 14.409 milljónum króna, sem samsvarar um 50% af hagnaði ársins.

Einnig er lögð til sérstök arðgreiðsla sem nemur 0,26 krónum á hlut. Gjaldldagi sérstöku arðgreiðslunnar skal vera 28. apríl 2022. Fjárhæð sérstöku arðgreiðslunnar miðað við útistandandi hluti nemur 6.141 milljón króna.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Arðsréttindi vegna ofangreindra arðgreiðslna skulu miðast við hlutaskrá í lok aðalfundardags 23. mars 2022 nema Landsbankanum berist tilkynning um að arður hafi verið framseldur með framsali hlutabréfs.

Arðgreiðslur á árinu 2022:

	Arðsréttinda- dagur	Gjalddagi	Krónur á hlut	Fjárhæð
Fyrri greiðsla	23.03.2022	30.03.2022	0,31	7.323 m.kr.
Síðari greiðsla	23.03.2022	21.09.2022	0,30	7.086 m.kr.
Sérstök arðgreiðsla	23.03.2022	28.04.2022	0,26	6.141 m.kr.
Samtals			0,87	20.550 m.kr

Enginn óskaði eftir að taka til máls um tillöguna og engar spurningar eða athugasemdir bárust fundinum vegna hennar.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

5. Tillaga bankaráðs um starfskjarastefnu lögð fram til samþykktar

Fundarstjóri gerði því næst grein fyrir tillögu bankaráðs um starfskjarastefnu og skýrði frá því að lögð væri fram tillaga um óbreytta starfskjarastefnu frá árinu 2021:

Neðangreind starfskjarastefna var að því búnu borin undir fundinn.

1. gr. Markmið

Landsbankinn leggur áherslu á að ráða til sín og hafa í sínum röðum framúrskarandi starfsfólk. Markmið starfskjarastefnunnar er að gera starf hjá bankanum að eftirsóknarverðum kosti fyrir hæft starfsfólk og þar með tryggja samkeppnishæfni bankans, framþróun og viðunandi arðsemi. Í starfskjarastefnu felast jafnframt markmið um að traust ríki um stjórn og starfsemi bankans, að bankinn sé í forystu á sviði góðra stjórnarháttanna og samfélagslegrar ábyrgðar, að hagsmuna hans sé gætt í hvívetna, sem á ekki síst við um orðspor og trúverðugleika, og að hann starfi í samræmi við þau viðmið, gildi og viðskiptasiðferði sem eðlilegt er að gildi um banka í opinberri eigu.

Starfskjarastefnan skal stuðla að heilbrigðum rekstri til lengri tíma litið og ekki hvetja til óeðlilegrar áhættusækni. Bankinn leggur áherslu á að starfskjör stjórnenda og annarra starfsmanna séu samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi. Við ákvörðun um starfskjör skal horft til ábyrgðar og árangurs og gætt að viðurkenndum jafnréttissjónarmiðum.

2. gr. Starfskjör

Í eigandastefnu ríkisins fyrir fjármálafyrirtæki frá febrúar 2020 kemur fram að setja skuli starfskjarastefnu sem sé samkeppnishæf, en hófleg og ekki leiðandi.

Samkeppnishæf starfskjör í þessum skilningi fela í sér að bankinn eigi að geta laðað að og haldið hæfu starfsfólki og að bankinn geti verið samkeppnishæfur um starfsfólk þó að laun séu undir hæstu launum í samfélaginu.

Þegar rætt er um að starfskjör skuli ekki vera leiðandi ber m.a. að líta til launaþróunar í víðu samhengi og taka með í reikninginn áhrif á launaþróun almennt. Launakjör fyrirtækja sem eru með því allra hæsta sem tíðkast á vinnumarkaði, en þó ekki hæst, eru talin leiðandi.

Hófleg starfskjör fela í sér að ákvarðanir um laun séu teknar með varkárum hætti og stuðli ekki að miklum eða vaxandi mun í launum, að teknu tilliti til ábyrgðar, verkefna og árangurs. Einnig skal taka eðlilegt tillit til þeirra kjara sem fyrirtæki í meirihlutaeigu hins opinbera greiða

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

starfsmönnum sem gegna sambærilegum störfum. Forðast skal miklar launabreytingar á stuttu tímabili. Þess í stað er æskilegra að laun séu hækkuð með reglubundnum hætti og til samræmis við almenna launaþróun. Laun og önnur hlunnindi skulu vera einföld og gagnsæ eins og kostur er.

3. gr. Starfskjaranefnd

Starfskjaranefnd bankans skal skipuð þremur bankaráðsmönnum. Hlutverk starfskjaranefndar er að vera leiðbeinandi fyrir bankaráð og bankastjóra um starfskjör helstu stjórnenda bankans. Skal nefndin fylgjast með því að starfskjör helstu stjórnenda bankans séu innan ramma starfskjarastefnunnar og gefa bankaráði skýrslu þar um árlega í tengslum við aðalfund bankans. Umfjöllun um niðurstöðu skýrslunnar skal koma fram í ársskýrslu bankans. Jafnframt skal nefndin fylgjast með þróun launasamninga, starfsmannafjölda og launaútgjalda. Bankaráð skal setja nefndinni starfsreglur þar sem nánar er kveðið á um hlutverk hennar og gera opinberar á heimasíðu bankans.

4. gr. Starfskjör bankaráðsmanna

Bankaráðsmönnum skulu greidd föst mánaðarleg laun í samræmi við ákvörðun aðalfundar ár hvert, svo sem kveðið er á um í 79. gr. laga nr. 2/1995, um hlutafélög. Jafnframt skulu bankaráðsmönnum greidd laun fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs. Við ákvörðun um fjárhæð launa skal taka mið af þeim tíma sem bankaráðsmenn verja til starfans, þeirri ábyrgð sem á þeim hvílir og afkomu bankans. Af launum skal greiða lífeyrисиðgjald í samræmi við reglur á almennum vinnumarkaði. Starfskjaranefnd gerir rökstudda tillögu til bankaráðs um laun bankaráðsmanna fyrir komandi starfsár. Bankaráð tekur afstöðu til tillögu starfskjaranefndar og gerir endanlega tillögu um launin sem lögð er fyrir aðalfund. Bankinn greiðir jafnframt ferðakostnað vegna starfa bankaráðsmanna sem hafa lögheimili utan höfuðborgarsvæðisins. Óheimilt er að gera starfslokasamninga við bankaráðsmenn.

5. gr. Starfskjör bankastjóra og stjórnenda

Starfskjör bankastjóra og stjórnenda bankans skulu vera samkeppnishæf en hófleg og ekki leiðandi, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu.

Ekki skal gera samninga við bankastjóra og lykilstarfsmenn bankans sem fela í sér starfslokagreiðslur, umfram ákvæði ráðningarsamninga, kjarasamninga og skyldur samkvæmt lögum. Samningsbundinn uppsagnarfrestur bankastjóra og lykilstarfsmanna skal ekki vera lengri en tólf mánuðir, að teknu tilliti til ábyrgðar og verkefna.

6. gr. Starfskjarastefna dótturfélaga og fleira

Bankaráð bankans skal stuðla að því að starfskjarastefnur dótturfélaga hans séu samkeppnishæfar en hóflegar og ekki leiðandi.

Jafnframt skal bankaráð stuðla að því að viðmið um starfskjör, sbr. 2. gr. þessarar starfskjarastefnu, komi þar fram með skýrum hætti.

Bankastjóri skal leggja fyrir bankaráð tillögur dótturfélaga að starfskjarastefnum þeirra, sem og tillögur að stjórnarlaunum.

7. gr. Breytilegir kjarabættir

Bankinn skal ekki gera eða heimila samninga um kaupauka, þ.e. ekki heimila samninga um starfskjör sem að jafnaði eru skilgreind með tilliti til árangurs og eru ekki þáttur í föstum starfskjörum, þar sem endanleg fjárhæð eða umfang þeirra liggur ekki fyrir með nákvæmum hætti fyrirfram.

Ef bankaráð bankans hyggst taka upp kaupaukakerfi innan samstæðu bankans þarf áður að fá samþykki hluthafafundar.

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

8. gr. Stjórnendatrygging

Landsbankinn skal sjá til þess að á hverjum tíma sé í gildi stjórnendatrygging sem nær m.a. til bankaráðsmanna, bankastjóra og lykilstarfsmanna bankans, bæði núverandi og fyrrverandi, vegna starfa þeirra fyrir bankann í samræmi við ákvæði viðkomandi tryggingarskilmála.

9. gr. Upplýsingagjöf

Bankinn skal gera grein fyrir kjörum bankaráðsmanna, kjörum bankastjóra og kjörum hvers og eins lykilstarfsmanns í ársskýrslu sinni.

Starfskjarastefnu þessa skal birta á vefsíðu bankans.

10. gr. Samþykkt starfskjarastefnu og fleira

Starfskjarastefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði. Starfskjarastefnan skal tekin til afgreiðslu á aðalfundi bankans í samræmi við 79. gr. a. í lögum nr. 2/1995, um hlutafélög, og borin undir fundinn til samþykktar, synjunar eða breytingar.

Heimilt er að endurskoða starfskjarastefnuna oftár en árlega og skulu breytingar þá lagðar fyrir hluthafafund til samþykktar.

Starfskjarastefnan er leiðbeinandi fyrir bankann og bankaráð. Bankaráð skal færa til bókar frávik frá starfskjarastefnunni og skulu þau frávik studd greinargóðum rökum. Gera skal grein fyrir frávikum á næsta aðalfundi bankans.

Ari Skúlason kvaddi sér hljóðs undir þessum lið og ræddi m.a. um launaþróun í fjármálageiranum og breytingar á meðallaunum starfsfólks Landsbankans. Síðasti kjarasamningur, sem byggði á krónutöluhækkunum, skapaði að mati Ara bönkunum mjög góð skilyrði hvað launakostnað varðar. Tölur Hagstofunnar sýni að laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hafi hækkað mun minna en í öðrum greinum. Þannig hafi laun í fjármála- og váttryggingarstarfsemi hækkað um 4,1% milli áranna 2020 og 2021 á meðan laun hafi hækkað um 8,3% að meðaltali í öllum greinum.

Við þessar aðstæður væri að mati Ara eðlilegt að laun hækkuðu miðað við afkomu eða að einhverjar hlutaskiptalausnir væru til staðar, þ.e. að starfsfólk fái sanngjarna og eðlilega hlutdeild af hagnaði bankans þegar vel gengur. Vísaði hann til slíkra lausna hjá keppinautum sem hann taldi hafa í för með sér betri starfsanda og ánægðara starfsfólk. Einnig yrði það heillaskref fyrir Landsbankann að hafa frumkvæði að því nú að allir bankarnir þrír semdu sameiginlega og beint við Samtök starfsmanna fjármálafyrirtækja næsta vetur með sem minnstri aðkomu Samtaka atvinnulífsins.

Engar frekari athugasemdir eða spurningar komu fram undir þessum lið.

Tillaga um starfskjarastefnu var að því loknu borin undir fundinn og samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

6. Tillögur til breytinga á samþykktum

Engar tillögur bárust fyrir fundinn um breytingar á samþykktum.

7. Kosning bankaráðs

Fyrir fundinn var lögð fram tillaga um kjör eftirtalinna einstaklinga sem aðal- og varamenn í bankaráð Landsbankans hf. fram til næsta aðalfundar:

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

Aðalmenn:

Helga Björk Eiríksdóttir
Berglind Svavarsdóttir
Elín H. Jónsdóttir
Guðbrandur Sigurðsson
Guðrún Blöndal
Helgi Friðjón Arnarson
Þorvaldur Jacobsen

Varamenn:

Sigríður Olgeirsdóttir
Sigurður Jón Björnsson

Jafnframt var lagt til að Helga Björk Eiríksdóttir yrði kjörin formaður bankaráðs.

Engin önnur tillaga barst um kosningu bankaráðsmanna og formanns bankaráðs innan tilskilins framboðsfrests. Fundarstjóri lýsti því yfir að þar með teldist bankaráðið sjálfkjörið og Helga Björk Eiríksdóttir væri jafnframt sjálfkjörin sem formaður bankaráðs.

8. Kosning endurskoðanda

Því næst var komið að tillögu um kosningu endurskoðanda sem lá fyrir fundinum. Þessi tillaga er í samræmi við ákvæði c-liðar, 1. mgr. 4. gr. laga nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, en samkvæmt 7. gr. laganna er heimilt að útvista einstökum verkefnum embættis ríkisendurskoðanda.

Eftirfarandi tillaga var því næst borin upp:

Lagt er til að aðalfundur kjósi ríkisendurskoðanda sem endurskoðanda félagsins fyrir rekstrarárið 2020. Í samræmi við heimildir ríkisendurskoðanda til að útvista verkefnum sínum tilnefndi hann í framhaldi af útboði um verkefnið endurskoðunarfyrtækið PricewaterhouseCoopers ehf. til að annast endurskoðun ársreikninga félagsins fyrir rekstrarárið 2020.

Enginn kvaddi sér hljóðs um tillöguna.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

9. Ákvörðun um þóknun til bankaráðsmanna fyrir næsta kjörtímabili

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um þóknun til bankaráðsmanna fyrir störf þeirra fram að næsta aðalfundi:

Lagt er til að laun bankaráðsmanna verði kr. 473.000 á mánuði, laun stjórnarformanns verði kr. 824.000 á mánuði og laun varaformanns verði kr. 588.000. Því til viðbótar skuli greiða bankaráðsmönnum kr. 236.000 á mánuði fyrir þátttöku í starfi undirnefnda bankaráðs en auk þess fái formenn undirnefnda bankaráðs greiddar kr. 53.000 á mánuði. Laun varamanns í bankaráði verði kr. 236.000 fyrir hvern setinn bankaráðsfund eða fund með Fjármálaeftirliti Seðlabanka Íslands um hæfismat en þó aldrei hærra en laun aðalmanns innan hvers mánaðar. Greiðsla til hvers varamanns skal nema að lágmarki kr. 472.000 á ári.

Tillagan var borin undir fundinn og samþykkt með tilskildum meirihluta atkvæða.

10. Heimild til kaupa á eigin hlutum (liður nr. 9 í dagskrá)

Fyrir fundinum lá eftirfarandi tillaga um heimild til kaupa á eigin hlutum:

Lagt er til að hluthafafundur samþykki í samræmi við 55. gr. hlutafélagalaga nr. 2/1995 heimild þess efnis að Landsbankinn hf. eignist eigin hluti allt að 10% af nafnverði hlutafjár. Lægsta og hæsta fjárhæð sem Landsbankinn hf. má reiða fram sem endurgjald fyrir hvern

Fundargerð

Landsbankinn hf.

Kennitala: 471008-0280

hlut skal vera bókfært virði hvers hlutar, þ.e. samsvara hlutfalli á milli eigin fjár sem tilheyir hluthöfum bankans og hlutafjár, samkvæmt síðasta birta ársuppgjöri eða árshlutauppgjöri áður en kaup á eigin hlutum fara fram. Heimild þessi gildir fram að aðalfundi Landsbankans hf. árið 2023. Ráðstöfun Landsbankans hf. á eigin hlutum sem keyptir verða á grundvelli þessarar heimildar er háð samþykki hluthafafundar.

Hluthöfum var gefinn kostur á að tjá sig um tillöguna en enginn kvaddi sér hljóðs.

Tillagan var borin undir fundinn og hún samþykkt með öllum greiddum atkvæðum.

11. Önnur mál

Engin önnur mál höfðu borist fyrir fundinn og enginn gaf sig fram með mál undir þessum lið.

Fundarstjóri gerði það að tillögu sinni að honum og fundarritara yrði falið að ganga frá fundargerð eftir fundinn og komu ekki fram athugasemdir við það fyrirkomulag.

Helga Björk Eiríksdóttir, nýkjörinn formaður bankaráðs, tók til máls í lok fundarins, þakkaði hluthöfum fyrir traustið og þátttökuna á fundinum og sagði honum slitið um kl. 17:10.

Jóhannes Karl Sveinsson

Fundarstjóri

Kristinn Briem

Fundarritari

Undirritunarsíða

Undirritað af
Jóhannes Karl Sveinsson

Undirritað af
Kristinn Briem